

Föstudaginn 4. maí 1956.

Nr. 23/1956. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

Magnúsi Guðmundi Sigurði Ólafssyni, Hilmari Mýrkjartanssyni og Úlfari Guðjónssyni
(Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar hvers hinna ákærðu verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Hinum ákærðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að greiðslufrestur sektar hvers hinna ákærðu er fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson, Hilmari Mýrkjartansson og Úlfar Guðjónsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Tómasar Jónssonar og Jóns N. Sigurðssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. janúar 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 18. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Friðkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 13—15/1956: Ákærvaldið gegn Magnúsi Guðmundi Sigurði Ólafssyni, Hilmari Mýrkjartanssyni og Úlfari Guðjónssyni, sem tekið var til dóms hinn 13. sama mánaðar.

Ákærðir eru Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson bifreiðarstjóri, Laugavegi 43, hér í bæ, Hilmar Mýrkjartansson bifreiðarstjóri, Eskihlíð 9, hér í bæ, og Úlfar Guðjónsson bifreiðarstjóri, Hraunteig 24, hér í bæ, fyrir að hafa gerzt sekir um áfengislaga-brot samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58 24. apríl 1954 með því að flytja hinn 23. apríl 1955 í bifreiðinni G 486 108 flöskur af ákavíti frá Suðurnesjum, Keflavík og Vogum, áleiðis til Reykjavíkur og geta ekki gert grein fyrir, að áfengið væri ekki ætlað til sölu.

Eru menn þessir ákærðir til refsingar samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga, til að sæta upptöku áfengisins og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. maí 1925 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

- 1938 8/3 Kærður fyrir meint hnúpl á dúfum. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1938 5/8 Kærður fyrir að hræða skepnur með hvellbyssu. Sams konar afgreiðsla.
- 1939 10/7 Kærður fyrir brot á umferðarreglum (hjólreiðar í Bankastræti). Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1939 16/10 Kærður fyrir þjófnað og spellvirki. Sams konar afgreiðsla.
- 1944 28/11 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjör-gengi, fyrir grot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
- 1944 6/12 Sátt, 100 kr. sekt, 50 kr. skaðabætur fyrir ölvun og árás.
- 1945 24/11 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir á almannafæri.
- 1947 6/2 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaganna, bifreiðalögum og umferðarlögum.
- 1947 27/2 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og vanskil á ökugjaldi. Greiði kröfuna, kr. 19.00.
- 1947 17/4 Rvík. Dómur lögregluréttar: 10 daga varðhald fyrir brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum (1100/1947). Dómur Hæstaréttar í sama máli 11/11 1947, 15 daga varðhald og sviptur ökuskírteini ævilangt.
- 1947 4/9 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot.
- 1947 18/1 Rvík. Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
- 1947 18/12 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1950 17/2 Rvík. Kærður fyrir líkamsárás. Fellt niður með bréfi Dómsmálaráðuneytisins 21/7 1950.
- 1951 9/2 Rvík. Veitt ökuleyfi á ný með stjórnarráðsúrskurði.
- 1951 8/6 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.
- 1951 21/6 Rvík. Felld niður málssókn samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins fyrir líkamsárás.
- 1951 4/12 Rvík. Áminning fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
- 1952 6/2 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
- 1952 9/5 Rvík. Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 95/1946, sbr. 36. gr. tolllaga.
- 1954 12/1 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga og 27. gr. bifreiðalaga.
- 1954 8/4 Rvík. Áminning fyrir bifreiðalagabrot.

Ákærði Hilmar Mýrkjartansson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. ágúst 1928 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1948 26/2 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir of hraðan og ógætilegan akstur.
- 1949 18/8 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglu-samþykktar Reykjavíkur.
- 1950 3/8 Rvík. Dómur: 1200 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum, umferðarlögum og hegningarlögum.
- 1951 10/10 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
- 1951 5/11 Rvík. Áminning fyrir brot á 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga.
- 1953 11/2 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 26. gr. bifreiðalaga.
- 1953 27/11 Rvík. Kærður fyrir meint brot á lögum nr. 47/1951. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins 26/1 1954.

Ákærði Úlfar Guðjónsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. september 1924 í Vestmannaeyjum, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1955 5/5 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglu-samþykktar.
- 1955 28/5 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Laugardaginn 23. apríl síðastliðinn var Jóhannes Björgvinsson lögregluþjónn við almennt lögregluftirlit á þjóðveginum skammt sunnan Hafnarfjarðar. Stöðvaði hann þar, eftir því sem tók voru

á og án sérstaks fyrirfram gefins tilefnis bifreiðar, sem um veginn fóru, í því skyni að athuga, hvort haldin væru lög, einkum bifreiðalögin og áfengislöggjöfin, bæði um bann við áfengisneyzlu bifreiðarstjóra, um ólöglegan áfengisflutning o. fl.

Í þessu starfi stöðvaði lögregluþjónninn bifreiðina G 468, sem kom að sunnan. Henni stjórnaði Pétur Valdimarsson, Hraunsholti í Garðahreppi, en hinir ákærðu voru farþegar í henni. Lögregluþjónninn hafði ekki fyrirfram grun um, að í bifreið þessari væri flutt áfengi, en um leið og hann leit inn í hana, sá hann áfengiskassa í henni. Þegar hann innti farþegana eftir þessu áfengi, sögðu þeir, að meira áfengi væri í farangursgeymslunni, og reyndist svo vera. Í bifreiðinni voru alls 9 kassar, alls 108 heilflöskur, af ákavíti frá Áfengisverzlun ríkisins.

Hinir ákærðu, farþegar í bifreiðinni, sögðust eiga áfengið og ætla það til eigin nota, og höfðu þeir opnað eina flöskuna og voru farnir að drekka úr henni. Bifreiðarstjórinn var ekki sagður eiga neitt af áfenginu, og hefur ekkert komið síðar fram um, að svo hafi verið.

Þar sem lögregluþjónninn taldi ákærðu eigi veita viðhlítandi skýringar um áfengið, færði hann þá fyrir dómara og skýrði frá málavöxtum um töku áfengisins.

Þegar þetta gerðist, var verkfall hér í bænum og áfengisútsölurnar hér lokaðar, en senda mátti áfengisverzlunin áfengi í póstkröfu til annarra staða.

Ákærðu hafa skýrt svo frá, að ákærði Magnús hafi fyrir þá alla sameiginlega pantað áfengið, sem þeir höfðu meðferðis í bifreiðinni, í áfengisverzluninni hér í bænum, og var það ráðagerð þeirra, að hver keypti þriðjung þess.

Ákærði Magnús skýrir svo frá, að hann hafi um þremur dögum fyrir 23. apríl pantað 48 flöskur af ákavíti á nafn Ástvalds Gunnlaugssonar vélstjóra, Hofi í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi, og hinn 22. apríl 60 flöskur sama áfengis á nafn Jóns Björnssonar, Suðurgötu 79 í Keflavík. Þessa menn sagði ákærði Magnús upphaflega vera kunningja sína, en síðar í sama þinghaldi skýrir hann þó frá því, að hann sé ókunnugur Jóni Björnssyni. Kom það og síðar í ljós, að Suðurgata 79 í Keflavík er ekki til og að hæsta húsnúmer við þá götu er 31. Ákærði Magnús, sem annars kveðst engin deili vita á Jóni þessum, segist hafa hitt hann á götu hér í bænum og þá hafa farið fram á það við hann að mega panta áfengi á hans nafn, og hafi maðurinn samþykkt það og sagt heimilisfang sitt, og megi vera, að ákærði hafi tekið skakkt eftir því. Eigi minnst ákærði þess að hafa sagt Jóni þess-

um, hve mikið áfengi hann hugsaði sér að kaupa út á nafn hans, og eigi áskildi Jón sér nein fríðindi fyrir að leggja nafn sitt til á áfengispöntun þessa.

Um Ástvald Gunnlaugsson vélstjóra er það að segja, að hann er kvæntur frænku ákærða Magnúsar, og þekkjast þeir því hin síðari ár, en eigi vissi þó ákærði rétt föðurnafn Ástvalds í upphafi rannsóknar málsins, þar sem hann nefndi hann Guðlaugsson. Þeir ákærðu Magnús og Ástvaldur eru sammála um, að meðan á verkfallinu stóð, hafi hinn fyrrnefndi farið fram á það við hinn síðarnefnda að fá að panta áfengi á nafn hans og láta senda það í póströfu í póstafgreiðsluna í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi. Ástvaldur tók þessu í fyrstunni ekki vel, en lét þó til leiðast að leyfa þetta, og átti hann engin afskipti að hafa af áfengispöntuninni, önnur en að leggja til nafn sitt. Ökunnugt var Ástvaldi, hve ákærði ætlaði að panta mikið áfengi á nafn hans eða hvað hann ætlaði að gera við það.

Að morgni 23. apríl fóru svo hinir ákærðu saman að sækja áfengispantanirnar og fengu til fararinnar leigubifreið þá, sem áður er nefnd. Fyrst fóru þeir til Keflavíkur, og fékk ákærði Magnús þar í póstafgreiðslunni afhenta áfengispöntunina án þess að gera nokkra tilraun til að finna Jón Björnsson. Síðan fóru þeir í Voga, og fékk ákærði Magnús þar Ástvald Gunnlaugsson með þeim í póstafgreiðsluna þar. Ástvaldur gaf sig þar fram sem pantanda áfengissendingarinnar, og var hún afhent, en greidd af ákærðu hálfu, og höfðu þeir hana á burt með sér. Nokkuð misjafnt greiddu ákærðu fyrir áfengið, Magnús mest, Úlfar næstmest, en Hilmar minnst, en sammála eru þeir um, að þeir hafi átt áfengið að þriðjungi hver og ætlað brátt að gera viðskiptin upp.

Um ákærða Úlfar skal þess getið, að hann skýrði í upphafi rangt frá ýmsum málsatvikum, en leiðrétti þær missagnir við sampröfun.

Allir hafa hinir ákærðu neitað að hafa ætlað áfengið til sölu, en haldið því fram, að þeir hafi ætlað það til eigin neyzlu án þess þó að hafa gert grein fyrir neinu sérstöku tilefni til öflunar svo mikils áfengis sem þessa.

Ákærði Magnús hefur í þessu sambandi tekið fram, að hann neyti áfengis annað veifið, stundum allt að tíu sinnum á mánuði, og fyrir komi, að hann fari á túra, en þó ekki heilu mánuðina.

Ákærði Úlfar skýrir svo frá í þessu sambandi, að hann sé drukkinn aðra hverja viku.

Allir voru ákærðu leigubifreiðastjórar, þegar þetta gerðist, en

tveir þeirra, Magnús og Hilmar, hafa skýrt svo frá, að þeir hafi ekki stundað leigubifreiðaakstur, meðan á verkfallinu stóð.

Alkunna er, að sterkur grunur hefur lengi leikið á því, að ýmsir leigubifreiðastjórar stundi áfengissölu, og styðst sá grunur ekki hvað sízt við þá staðreynd, að ýmsum mönnum úr þeirri stétt hefur á undanförunum árum verið refsað fyrir áfengissölu. Með þetta í huga hlaut það að koma lögregluþjóninum mjög grunsamlega fyrir sjónir, að ákærðu höfðu meðferðis 107 óáteknað ákavítisflöskur í umrætt sinn, og var honum bæði rétt og skylt að gera dómara aðvart um þetta atvik.

Mjög verður að teljast ólíklegt, að ákærðu hafi ætlað að nota áfengið sjálfir til eigin neyzlu eða veitinga, enda hafa þeir eigi nefnt nein sérstök tilvik, sem gefið hefðu getað eðlileg tilefni til ákavítiskaupa þessara. Tveir þeirra hafa að vísu rökstutt áfengiskaup þessi með því, að þeir væru miklir drykkjumenn, en þær staðhæfingar, þó sannar væru, geta ekki veitt nægilega sterkar líkur fyrir því, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Niðurstaðan verður því sú, að eigi er talið, að ákærðu hafi réttlætt það, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hafa þeir því gerzt brotlegir gegn 19. gr., 3. og 4. mgr., áfengislaganna nr. 58/1954, og ber að ákveða þeim refsingu samkvæmt 42. gr., 2. mgr., sömu laga.

Áfengið áttu þeir að þriðjungi hver, þ. e. a. s. 107 flöskur: $3 = 35\%$ flöskur hver. Á þessum tíma var verð hvernar ákavítisflösku kr. 90.00. Samkvæmt þessu ber að ákveða refsingu hvers hinna ákærðu kr. 16050.00 til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 75 daga í stað hvernar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 42. gr., 2. mgr., áfengislaganna ber að gera áfengið, 107 ákavítisflöskur, upptækt til handa ríkissjóði.

Ákærðu Magnús og Úlfar ber að dæma in solidum til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda þeirra, hdl. Guðlaugs Einarssonar, kr. 800.00. Allan annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða in solidum.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp dóm þenna.

Dómsorð:

Ákærðu, Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson, Hilmar Mýrkjartansson og Úlfar Guðjónsson, greiði kr. 16050.00 hver í sekt til Menningarsjóðs, og komi 75 daga varðhald í stað hvernar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindar 107 ákavítisflöskur eru upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærðu Magnús Guðmundur Sigurður Ólafsson og Úlfar Guðjónsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hdl. Guðlaugs Einarssonar, kr. 800.00, en annan sakarkostnað greiði ákærðu allir in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. maí 1956.

Nr. 144/1955. **Ásgrímur Halldórsson** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Norðurleið h/f og gagnsök

(Egill Sigurgeirsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Árekstur bifreiða. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 26. september 1955 og skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. október s. á. Krefst hann þess, aðallega að honum verði dæmd sýkna, en til vara, að dæmd fjárhæð verði færð niður. Hann krefst þess enn, að hvorum aðilja verði dæmt að bera sinn kostnað af málinu í héraði, en honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 15. október 1955 og gagnáfrýjað málinu með stefnu 24. október s. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 58.875.14 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi krafðist þess í héraði, að krafa gagnáfrýj-